

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 155/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 834/2009 frá 11. september 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 um hagskýrslur Bandalagsins um skipulag og starfsemi erlendra hlutdeildarféлага, að því er varðar gæðaskýrslur ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19xa (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 364/2008) í XXI. viðauka við samninginn:

„19xb. **32009 R 0834**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 834/2009 frá 11. september 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 um hagskýrslur Bandalagsins um skipulag og starfsemi erlendra hlutdeildarféлага, að því er varðar gæðaskýrslur (Stjtið. ESB L 241, 12.9.2009, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 834/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 15, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 241, 12.9.2009, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.